



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 91-26700

Alþingi

Erindi nr. Þ 117/68

Komudagur 12 / 11 1993

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis,
b.t. Gunnlaugs Stefánssonar, formanns,
Alþingi
150 Reykjavík.

Reykjavík, 10. nóvember 1993

Öryrkjabandalag Íslands sendi í fyrra umsögn til heilbrigðis- og trygginganefndar um frumvarp til laga um almannatryggingar og frumvarp til laga um félagslega aðstoð, sem nú er aftur komin til kasta Alþingis.

Af því tilefni vill Öryrkjabandalagið koma eftirfarandi á framfæri, sumpart beint úr umsögn frá í fyrra en aðrar ábendingar einnig:

Öryrkjabandalag Íslands varar við því að slíta sundur þá bótaflokkka, sem um árábil hafa verið órjúfanlegur hluti tryggingalöggjafarinnar. Einkum á þetta við um heimilisuppbót og sérstaka heimilisuppbót, sem verið hefur hluti af tekjuginni líffeyrisþega. Hið sama má segja um uppbót vegna sérstakra aðstæðna og furðu vekur, að endurhæfingarlíffeyrir skuli færður yfir í félagslega aðstoð þar sem hann er í raun og veru jafngildi örorkulífeyris. Það verður þó að telja kost, að bætur félagslegrar aðstoðar verða áfram afgreiddar af líffeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins. Bandalaginu þykir hins vegar afleitt að ákvæði frumvarpsins um félagslega aðstoð eru öll heimildarákvæði og því ótryggt um framkvæmd þeirra.

Í umsögn í fyrra var vitnað til álits fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, sem þá fylgdi með frumvörpunum, en mun ekki gera nú, um það að tvískipting tryggingarlöggjafarinnar hefði í för með sér sparnað fyrir hið opinbera. Þetta vakti ákveðinn ugg og er því beint til nefndarinnar að kanna hvort sömu sparnaðarhugmyndir liggja enn til grundvallar.

Varðandi frumvarpið um almannatryggingar skal þetta ítrekað:


Fagnað er ákvæðum 29. og 43. greina sem varða bætur samkvæmt f-lið l. mgr. 24. gr. - sjúklingatryggingar en hvorutveggja hafa verið baráttumál Öryrkjabandalags Íslands. Bandalagið leyfir sér að vekja athygli nefndarinnar á nauðsyn þess að ákvæði þessara greina verði afturvirk, þannig að þeir sem neitun hafa fengið á gildistíma laganna um sjúklingatryggingu njóti og þessarar réttarþótar þar sem aðstæður þeirra eru þær sömu eða lakari en hinna sem fengið hafa.

Ákvæði 2 til bráðabirgða um öryrkjavinnu eru til bóta að öðru leyti en hvað varðar niðurfellingu bóta á starfstímabilinu. Í stað orðanna: "bætur til öryrkjans falla niður á starfstímabilinu" komi: "**Bætur öryrkjans skerðast á starfstímabilinu á sama hátt og gildir um aðrar launatekjur**" eða: "**Skerðing bóta á starfstímabilinu fer eftir almennum skerðingarreglum á hverjum tíma**".

Ráðherra heilbrigðismála hafa verið kynntar hugmyndir þessar um breytingar og hann tekið þeim vel.

Öryrkjabandalag Íslands vildi gjarnan mega eiga fund með heilbrigðis- og trygginganefnd, ef þess væri kostur, til að ræða þessi atriði og stöðu tyggingamála almennt í leiðinni.

Virðingarfyllt,
f. h. Öryrkjabandalags Íslands


Ólöf Ríkarðsdóttir
formaður


Asgerður Ingimarsdóttir
framkvæmdastjóri